

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 1141 — 487. mál.
Síðari umræða.

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun
um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145.

Frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

Á eftir c-lið tillögu greinarinnar komi nýr staflíður, svohljóðandi: Á eftir 6. tölul. 5. mgr. komi nýr tölulíður, 7. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því: Að vinna að sérstakri varnarstefnu fyrir Ísland sem byggist á þeim forsendum sem fram koma í þjóðaröryggisstefnu þessari. Varnarstefnan leggi grunn að og skýri fyrirkomulag stjórnsýslu, framkvæmd, ábyrgð og fjármögnun varnarmála Íslands. Varnarstefnan verði á ábyrgð utanríkisráðuneytisins. Hún skal vera hluti af þjóðaröryggisstefnu og uppfærð með reglubundnum hætti að höfðu samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.